

Tillögur um breytingar á samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins lagðar fram á ársfundi sjóðsins 2015 þriðjudaginn 17. mars á Icelandair Hótel Reykjavík Natura.

Viðbót við grein 8.3.

Í gegnum umboð og eigin atkvæðisrétt getur hver sjóðsfélagi að hámarki farið með atkvæðisrétt upp á 0,3% af heildareignum lífeyrissjóðsins m.v. 31. desember síðastliðins árs.

Um greinina:

Það er ólýðræðislegt að einn sjóðsfélagi geti safnað það mörgum umboðum að hann geti stjórnað aðalfundi.

Breyting á grein 9.2.

~~Stjórn er óheimilt að tilnefna fulltrúa í stjórn hlutafélaga sem lífeyrissjóðurinn á hlut í og taka þátt í stjórnarkjöri nema brýn nauðsyn krefur vegna hagsmuna sjóðsins og stjórn sjóðsins samþykkir. Stjórn sjóðsins skal móta eigendastefnu um hvernig sjóðurinn beitir sér sem hluthafi í félögum sem hann á verulegan eignarhlut í og um afstöðu sjóðsins til félaga sem fjárfest hefur verið í.~~

Um greinina:

Almenna lífeyrissjóðurinn hefur vaxið hratt á liðnum árum og voru heildareignir rúmir 156 milljarðar í árslok 2014. Lífeyrissjóðurinn er orðinn það stór að hann getur ekki setið hjá í fyrirtækjum sem hann á verulegan eignarhlut í þ.e. 5% eða hærra beinan eignahlut í einstöku félagi eða þar sem lífeyrissjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félags.

Viðbót við grein 12.4.

Ný málsgrein:

Aldur erfingja stýrir því í hvaða safn erfðasérein er flutt við skiptingu. Séreignin flyst síðan á milli safna í samræmi við ákvæði um Ævileiðina, grein 11.2. Sjóðfélagar geta einnig valið aðra ávöxtunarleið með aðild að sjóðnum.

Um greinina:

Í samþykktum sjóðsins er ekkert fjallað um það hvernig fara eigi með séreign sem myndast vegna erfða. Verklag hefur verið að skipta séreign milli aðila í samræmi við aldur þeirra og setja þá í Ævileiðina. Greinin er sett til að festa verklag í samþykktir.